Fylgiskjal 1
- annar hluti bls 44-86

FYLGISKJÖL 2. Sérfræðiskýrslur

1. Fornleifaskráning vegna stækkunar námu við Lambafell í Ölfusi, Árn. 07.03.08.
   Fornleifafræðistofan, Dr. Bjarni Einarsson.

2. Gróður og fuglar í Lambafelli, 21.02.08.
   Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson.

3. Lambafell í Ölfusi – Jarðfræði og grunnvatn, 03.03.08
   Línuhönnun- Friðrika Marteinsdóttir og Þröstur Grétarsson.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Eldstál ehf. Ægisgötu 10. 101 Reykjavík. Kt. 541101-2170
Sími/Tel: 551 1395/ 821 1395/ 854 8294. e-mail: fornstofan@fornstofan.is

Reykjavík, 6. nóvember 2007

Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðrar stækkunar námu við Lambafell í Ölfusi, Árnessýslu

Að beiðni Sigurðar Þ. Jakobssonar hjá Bölta ehf, fyrir hönd Jarðefnaiðnaðar ehf, kannaði undirritaður svæði sem verið er að skipuleggja við Lambafell í Ölfusi, Árnessýslu (sjá meðfylgjandi loftmynd).

Við vettvangskönnun þann 31. október síðastliðinn fundust einar fornleifar á könnunarsvæðinu (nr. 63 í meðfylgjandi fornleifaskrá). Eru minjarnar merktar inn á meðfylgjandi mynd með rauðri línu.

Minjarnar hafa lágt minja- og varðveislugildi. Ekki er talin ástæða til frekari mótvægisaðgerða.

Komi fleiri fornleifar í ljós við framkvæmdir er bent á 13. gr. þjóðminjalaga en þar er öllum þeim sem finna áður óþekktar fornleifar skylt að skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum eins fljótt og hægt er.

Sérstaklega er bent á að aðeins svæðið sem afmarkast af hinu fyrirhugaða námusvæði var kannað. Haga ber öllum fyrirhuguðum framkvæmdum innan hins kannaða svæðis.

046ÞRENGSLAVEGUR
471,81
L04
L05
LAMBAFELL LAND
NÁMA ÁV
496,52
300
400
500
NÁMUSVÆÐI JARÐEFNAÁÇNÁMAR ehf
F=22,7ha
ÆTLUÐ EFNISTAKA 17.000.000 m3
Á 30 ÁRUM
63
REYKJAVEGUR
L03
L02
L01
317,49
Lambafell

Mynd af hinu fyrirhugaða námusvæði/könnunarsvæði (gul/græn lína) og staðsetningu fornleifa nr. 63 (Reykjavegar) í Ölfushreppi, Árnessýslu. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Viðbætur: Línuhönnun/Fornleifafræðistofan.

Dr. Bjarni F. Einarsson,
fornleifafræðingur.

Heimildir

Þjóðminjalög nr. 107, 20 maí 2001. Þingskjal 1490, 126.

Fornleifaskrá

047

Aðalnr.	Undirnr.
63	1

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Landareign	Nr	Heiti
Árnessýsla	Ölfus	8717	-		Reykjavegur

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	31.10.2007	E 379801 N 393552	Isn 93	292	5

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Fjöldi
Gata		1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Merkja?
Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900		Efnistaka	Mikil	Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	3	Lítið	3	Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Gatan liggur upp skarð á milli Lambafells og Lambafellshnjúks.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Gata.

Gatan var í raun lítið annað en mjór stígur upp skarðið á milli Lambafells og Lambafellshnjúks. Lá hún ANA - VSV. Gatan minnti mest á fjárgötu. Þegar farið var upp lá hún norðan megin við dýpstu rásina (vatnsrás) en beygði svo suður fyrir hana þegar nálgaðist efstu brún skarðsins.
Víða er gatan býsna ógreinileg og stundum eru fleiri fjárgötur eða stígar, sérstaklega þegar komið er upp fyrir skarðið að vestan.
Gatan er merkt með hælum (gulum og bláum).
Þessi gata hefur aldrei verið mikilvæg leið og ekki er líklegt að hún sé mjög gömul. Hennar er ekki getið í Sýslu- og sóknarlýsingum, hvorki Árnes- né Gullbringusýslu, og ekki heldur í örnefnaskrám sem skoðaðar voru.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Fuji FinePix S7000

Athugasemdir

Sækja þarf um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins til að raska götunni. Ekki er mælt með neinum frekari mótvægisaðgerðum.

Gróður og fuglar í Lambafelli

Minnisblað unnið fyrir Jarðefnaiðnað

Að beiðni Sigurðar Þ. Jakobssonar í okt. 2007, tóku undirritaðir að sér að gera grein fyrir gróðri og fuglalífi í Lambafelli í Ölfusi. Verkefnið tengist stækkun á malarnámum í fjallinu, Þrengslamegin. Námavinnsla hefur verið stunduð þar í áratugi (Þrengslavegur opnaði 1962). Tvær vettvangsferðir voru farnar. Hin fyrri 4. júlí 2007 og stóðu athuganir í 6 klst. Þá skoðuðum við gróður norðanmegin í fjallinu og gegnum síðan á fjallið uppfrá núverandi námu og komum niður skammt sunnan við námuna. Einnig skoðuðum við gróður milli fjalls og þjóðvegar. Fuglar voru jafnframt skráðir, en athugunin var það síðbúin, að eitthvað af varpfuglum geta hafa verið farnir frá varpstöðvum, enda kom beiðni um rannsóknir að áliðnum varptíma. Síðari ferðin var farin 9. september til gróðurrannsókna.

Aðferðir

Gróðurfari var lýst og teknar myndir af gróðri og landi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Þekja og tegundasamsetning háplantna var könnuð á fjórum stöðum til þess að fá ítarlegri mynd af gróðrinum en plöntulisti gefur. Við þekjumælingu voru plöntur greindar til tegunda og þekja plantna metin sjónrænt. Við þær mælingar var notaður rammi 50x50 cm að stærð. Heildarþekja getur verið meiri en 100%, ef þekja einnar tegundar var t.d. 40% og annarrar 90%. Þekja var metin í prósentum (%). Staðsetning punkta, tekin með GPS tæki, sést á 1. mynd.

Mosum og fáeinum fléttum var safnað á vettvangi og þau greind á vinnustofu af Ágústi H. Bjarnasyni.

Gróður

Alls fundust 83 tegundir háplantna á og við Lambafell (1. tafla). Sömuleiðis fundust 11 tegundir mosa og 4 tegundir fléttna (2. tafla). Engin þeirra er sjaldgæf á landsvísu og engar válistaplöntur vaxa á svæðinu samkvæmt Válista Náttúrufræðistofnunnar (1996 og 2008). Hjá námunni er tippur með garðaúrgangi og mómold og þar fundust nokkrar plöntur, sem annars vaxa í görðum. Tegundafjölbreytni er nokkur og gróska víða talsverð, sérstaklega eru gróskulegar snjódældir og brekkurrætur milli náma Árvéla og Jarðvéla þar sem brönugrös uxu í breiðum og einnig berjalyng. Einnig eru gróðursælar brekkur norðan námunnar, á námasvæði Jarðefnaiðnaðar.

Á Lambafelli var hraungambri (gamburmosi) ríkjandi, sem og í hraunum undir fjallinu. Í 3. töflu sjást þekjumælingar á fjórum reitum á og við fjallið. Hraungambri er afar viðkvæmur fyrir ýmiskonar álagi eins og sést greinilega á ummerkjum í mosanum eftir athugunarmenn sjálfa (6. mynd) og á 5. mynd sést rof með brúnum austanmegin í fjallinu, ofan náma. Rofið stafar að líkindum aðallega af vindálagi, en við könnuðum ekki hvort sandur og ryk frá námunum ætti þar einnig hlut að máli. Fyrir utan mosaþembu er melur mest áberandi gróðurfélagið/búsvæðið og þekur það nokkurn hluta innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis ofan á Lambafelli (2. mynd).

1. tafla. Háplöntur sem fundust í og við Lambafell í Ölfusi 4. júlí 2007. Nöfnin fylgja Plöntuhandbók Harðar Kristinssonar (1986).

Íslenska	Latína
Aðalbláberjalyng	Vaccinium myrtillus
Alaskalúpína	Lupinus nootkatensis
Axhæra	Luzula spicata
Baldursbrá	Matricaria maritima
Beitilyng	Calluna vulgaris
Bláberjalyng	Vaccinium uliginosum
Blágresi	Geranium sylvaticum
Blásveifgras	Poa glauca
Blávingull	Festuca vivipara
Blóðberg	Thymus praecox
Brennisóley	Ranunculus acris
Brjóstagras	Thalictrum alpinum
Brönugrös	Dactylorhiza maculata
Bugðupuntur	Avenella flexuosa
Burnirót	Rhodiola rosea
Fjallapuntur	Deschampsia alpina
Fjallasveifgras	Poa alpina
Garðabrúða	Valeriana officinalis
Garðasól	Papaver nudicaule
Geldingahnappur	Armeria maritima
Gleym-mér-ei	Myosotis arvensis
Grasvíðir	Salix herbacea
Grámulla	Omalotheca supina
Fjallavíðir	Salix arctica
Gulmaðra	Galium verum
Gulvíðir	Salix phylicifolia
Háliðagras	**Alopecurus pratensins**
Holtasóley	Dryas octopetala
Hóffífill	Tussilago farfara
Hrafnaklukka	Cardamine pratensis
Hrútaberjalyng	Rubus saxatilis
Hundasúra	Rumex acetosella
Húsapuntur	Elymus repens
Hvítmaðra	Galium normanii
Hvítsmári	Trifolium repens
Ilmreyr	Anthoxanthum odoratum
Klóelfting	Equisetum arvense
Klukkublóm	Pyrola minor
Knjáliðagras	Alopecurus geniculatus
Kornsúra	Bistorta vivipara
Krossmaðra	Galium boreale
Krækilyng	Empetrum nigrum
Lambagras	Silene acaulis
Langkrækill	**Sagina saginoides**
Ljónslappi	Alchemilla alpina
Loðvíðir	Salix lanata
Lyfjagras	Pinguicula vulgaris
Maríustakkur	Alchemilla vulgaris
Melablóm	Arabidopsis petraea
Mosalyng	**Cassiope hipnoides**
Mosasteinbrjótur	Saxifraga hypnoides
Móasef	Juncus trifidus
Músareyra	Cerastium alpinum
Mýrastör	Carex nigra
Mýrfjóla	Viola palustris
Njóli	Rumex longifolius
Ólafssúra	Oxyria digyna
Rifs	Ribes rubrum
Sauðamergur	Loiseleuria procumbens
Skarifífill	Leontodon autumnalis
Skarifífill	Leontodon autumnalis
Skeggsandi	Arenaria norvegica
Skriðsóley	Ranunculus repens
Smjörgras	Bartsia alpina
Snarrótarpuntur	Deschampsia caespitosa
Stinnastör	Carex bigelowii
Stjörnusteinbrjótur	Saxifraga stellaris
Túnfífill	Taraxacum sp.
Túnsúra	Rumex acetosa
Túnvingull	Festuca rubra
Týsfjóla	Viola canina
Týtulíngresi	Agrostis vinealis
Undafífill	Hieracium sp.
Vallarfoxgras	Phleum pratense
Vallarsveifgras	Poa pratensis
Vallhumall	Achillea millefolium
Vallhæra	Luzula multiflora
Varpasveifgras	Poa annua
Vatnsberi	Aquilegia vulgaris
Vegarfi	Cerastium fontanum
Vetrarblóm	Saxifraga oppositifolia
Viðja	Salix myrsinifolia
Vætudúnurt	Epilobium watsonii
Þúfusteinbrjótur	Saxifraga caespitosa

2. tafla. Lágplöntur (mosar og fléttur) sem fundust í og við Lambafell 4. júlí 2007

Íslenskt heiti	Fræðiheiti
a) Blaðmosar	
Hrísmosi	Pleurozium schreberi
Klettagambri	Racomitrium ellipticum
Fjaðurgambri	Racomitrium elongatum
Melagambri	Racomitrium ericoides
Snoðgambri	Racomitrium fasciculare
Hraungambri	Racomitrium lanuginosum
Engjaskraut	Rhytidiadelphus squarrosus
Móasigð	Sanionia uncinata
Holtakragi	Schistidium flexipile
b) Lifrarmosar (soppmosar)	
Grænkólfur	Gymnomitrion concinnatum
Móatrefja	Ptilidium cilare
c) Fléttur	
Fjallagrös	Cetraria islandica
	Cladonia sp.
Hraunbreyskja	Stereocaulon vesuvianum
Skeggnafli	Umbilicaria cylindrica

3. tafla. Þekja í % í fjórum reitum á Lambafelli 4. júlí og 9. sept. 2007. Reitirnir voru 50x50 cm. Heildarhlutfall getur verið hærra en 100%. x = ein til örfáar plöntur.

Rammi	1	2	3	4
Búsvæði	Lyngbrekka	Snjódæld	Graslendi, hlíðarfótur	Lyngbrekka
Aðalbláberjalyng	1+	20		
Bláberjalyng	70	80		50
Brjóstagras	x			
Bugðupuntur	10		40	4
Fjallagrös			5	2
Fléttur, ógreindar				13
Grasvíðir	1+	3		3
Mosi/Hraungambri			100	
Hreindýrakrókar			10	
Hvítmaðra			5	
Ilmreyr	1+	5		
Krossmaðra	x	x	1	3
Krækilyng	10	x		40
Ljónslappi	1+	5		
Móasef				3
Smjörgras	x			
Stinnastör			2	2
Túnfífill	x			
Túnvingull		x		
Týtulíngresi	1+		1	3
Vallhæra			1	
(Steinar)				5

Fuglar

Fuglafánan var öllu fábreyttari en flóran. Aðeins sáust þrjár tegundir fugla þann 4. júlí 2007: þrjú steindepilspör í varpi, syngjandi þúfutittlingur og loks heyrðist í stelk. Engin heiðlóa sást, en lóur eru annars langalgengasti fuglinn í hraunum og fjalllendi Reykjanesskaga og Bláfjallasvæðisins. Nokkuð merkilegt er hve steindepill er algengur, en þó hann finnist allvíða í grýttu landi, er þéttleiki hans hvergi mikill.

Þrumuveður síðari hluta athugunartímans hafði mögulega áhrif á hegðun fugla og þeir hafi verið lítt áberandi vegna þess, slík veður eru sjaldgæf á Íslandi, sérstaklega þrumuveður þar sem hver eldingin rekur aðra eins og gerðist þennan dag. Heimsóknin var líka á áliðnum varptíma. Því var ekki von að margir fuglar sæjust. Enginn válistafugl verpur, svo vitað sé, innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis í Lambafelli (Náttúrufræðistofnun 2000, Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 1994)

Engir fuglar sáust 9. september.

Spendýr

Við urðum ekkert varir við spendýr, en víða er búsvæði hagamúsar, sérstaklega í lyngbrekkum og undir brekkurótum. Okkur er ekki kunnugt um tófugreni og við fundum engin ummerki um tófur. Svæðið er of langt frá vatni til að minkur sæki þangað.

Lokaorð – mótvægisaðgerðir

Ljóst er, að þau búsvæði þar sem til stendur að stunda námavinnslu eru ekki sjaldgæf á landsvísu og þar fundust engar válistaplöntur. Þó setja snjódældir og blómabrekkur, eins og fundust á nokkrum stöðum, fallegan svip á landið. Fuglalíf er ennfremur fáskrúðugt, en æskilegt væri að kanna það betur og fyrr á varptíma. Námavinnsla í Lambafelli er fyrst og fremst breytingar á landslagi. Framkvæmdaaðilar ættu að hlífa grónustu svæðunum eins og kostur er. Eitt slíkt svæði er að finna við þann punkt sem merktur er 098 á kortinu (1. mynd). Á 4. mynd sést gróðursæl laut sunnan til í Lambafelli og brönugrös við brekkurætur á 3. mynd. Við urðum talsvert varir við áhrif sandfoks frá námunum á mosa og annan gróður. Þetta þyrfti að kanna betur.

Uppgræðsla með íslenskum jurtum á þeim svæðum þar sem malarvinnslu er lokið og lokun sára ætti að skoða rækilega. Forðast ætti að flytja að innfluttar tegundir. Nota á plöntur sem vaxa á svæðinu og þola einnig skilyrði sem eru í þessu umhverfi. Uppgræðsla með túnvingli og loðvíði væri möguleg en sauðfjárbeit kann að torvelda allt uppgræðslustarf, sérstaklega ef nota á íslenskar víðitegundir. Líklega þyrfti girða uppgræðslusvæði af. Rannsóknir hafa sýnt það að þar sem beit er enginn nær gróður sér fyrr á strik og gróðurframvinda verður hraðari (Sigurður H. Magnússon og Kristín Svavarsdóttir 2007). Samstarf við sérfræðinga um uppgræðslu er nauðsynlegt.

Heimildir

Hörður Kristinsson 1986. *Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar.* Íslensk náttúra 2. Bókaútgáfan Örn og Örlygur. Reykjavík, 304 bls.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson & Jóhann Óli Hilmarsson 1994. *Útbreiðsla varpfugla á Suðvesturlandi. Könnun 1987-1992.* - Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Nr. 25, 126 bls.

Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík. 82 bls. Sjá einnig: http://www.ni.is/media/midlunogthjonusta/utgafa/Valisti1_plontur.pdf

Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. *Válisti 2. Fuglar.* Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík, 103 bls.

Náttúrufræðistofnun Íslands 2008. Plöntuvefsjá. Vefslóð: http://vefsja.ni.is/website/plontuvefsja/ (Skoðað 20. febrúar 2008).

Sigurður H. Magnússon og Kristín Svavarsdóttir 2007. Áhrif beitarfriðunar á frramvindu gróðurs og jarðvegs á lítt grónu landi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 49. Náttúrufræðistofnun, Reykjavík. 67 bls.

Stokkseyri og Gufuneshverfi 21. febrúar 2008
Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson

Myndir og kort



1. mynd. Rannsóknarsvæðið í Lambafelli. Á kortinu sést hvar gróðurrammarnir voru lagðir út. Punktur 097 er toppur Lambafells og punktur 098 brönugrasabrekka í brekkurótum. Landmælingar Íslands.

2. mynd. Námasvæðið í Lambafelli 7. okt. 2007. Hin grösugri svæði sunnan megin í fjallinu sjást greinilega eins mosaþembur í hlíðum og ofan á fjallinu. Ljósm. JÓH.

3. mynd. Brönugrös í gróðursælli laut við rætur Lambafells 4. júlí 2007. Ljósm. JÓH

4. mynd. Gróðursæl laut eða snjódæld í hlíðum Lambafells 4. júlí 2007. Þrengslavegurinn efst á myndinni. Ljósm JÓH.

5. mynd. Rofin mosaþemba með brúnum suðaustanmegin í Lambafalli, 4. júlí 2007. Ljósm. JÓH.



6. mynd. Hraungambrinn er viðkvæmur, djúp spor athugunarmanns eru mjög áberandi í mosanum og sýnir það glögglega hversu illa hraungambrinn þolir álag. Lambfell 4. júlí 2007. Ljósm. JÓH.



7. mynd. Námasvæði Jarðefnaiðnaðar í Lambafelli norðanverðu. Mynd frá Loftmyndum.

8. mynd. Steindepilskerla með æti. Steindepill reyndist vera algengasti fuglinn í Lambafelli 4. júlí 2007. Ljósm. JÓH.

Línuhönnun
verkfræðistofa

MINNISBLAÐ	
Verkheiti Lambafell í Ölfusi – jarðfræði og grunnvatn	**Dagsetning** 7.3.2008
Málefni **Efnistaka í Lambafelli**	
Sendandi Friðrika Marteinsdóttir Þröstur Grétarsson	**Fyrirtæki** Línuhönnun hf. Línuhönnun hf.
Dreifing Sigurður Jakobsson	**Fyrirtæki** Bölti ehf.

Jarðfræðilegar aðstæður

Lambafell í Ölfusi er móbergsstapi á miðju vestara gosbeltinu, sem nær frá Reykjanesi norður í Langjökul. Stapinn hefur byggst upp undir jökli á síðari hluta ísaldar eða fyrir minna en 0,7 milljónum ára. Langur hryggur gengur suður úr Lambafelli sem nefnist Lambafellsháls. Norður úr fjallinu gengur minni háls s.k. Lambafellshnúkur. Neðsti og stærsti hluti Lambafells er gerður úr grófkorna skálöguðu móbergi sem nær upp undir 420 m.y.s. Þar ofan við skiptast á mismunandi grágrýtis- og móbergslög. Skammt sunnan Lambafellshnúks þar sem efnisvinnslusvæði Jarðefnaiðnaðarins er fyrirhugað, er u.þ.b. 100 m þykkt grágrýtislag. Það er einnig grófkorna og liggur yfir skálaga móberginu og nær það nánast upp á hæsta tind Lambafells. Efsti tindurinn er aftur á móti úr móbergstúffi. Innar á fellinu eða vestar liggja enn önnur móbergs- og grágrýtislög ofan á þeim sem hér var sagt frá en þó í minni hæð yfir sjó. Þau lög hafa aðeins aðra samsetningu og eru tvídílótt, eða með feldspat og ólivín dílum sem ekki eru áberandi í neðri lögunum.

Fram að þessu hefur efni í námu Jarðefnaiðnaðarins verið unnið úr skálaga móbergi eða bólstrabergi sem grunnur Lambafells er úr. Vinnslusvæðið sem nú er metið vegna umhverfisáhrifa nær upp í 520 m.y.s. og er fyrirhugað að vinna einnig efni úr grágrýtinu sem liggur yfir bólstraberginu.

Eldstöðvakerfi Reykjanesskaga eru fjögur [1]. Lambafell er á milli þeirra tveggja austustu, það er Brennisteinsfjalla (með Bláfjöllum) og Hengils. Gosmyndanir frá nútíma, eða frá síðustu 11.000 árum, frá báðum eldstöðvakerfunum umkringja Lambafell. Sunnan Lambafells liggur Lambafellshraun og er Lambafellsháls umlukinn hrauninu. Lambafellshraun er hluti af hinu víðáttumikla Leitahrauni sem rann fyrir 5.200 árum frá stórum gíg sunnan undir Bláfjöllum, sem nefndur er Leiti. Frá Leitum rann raunið til norðausturs milli Lambafells og Blákolls og síðan alla leið niður í Elliðavog. Hraunið flæddi einnig til suðurs og hefur líklega náð í sjó við Ölfusárósa [6]. Leitahraun er smádældótt helluhraun og lítt gróið [3].

Línuhönnun
verkfræðistofa



Mynd 1. *Eldstöðvakerfi Reykjanesskaga. Lambafell er á milli Brennisteinsfjallakerfisins og Hengilskerfisins [1].*

Á nútíma eru þekkt þrjú eldgos í suðvestur sprungurein Hengilskerfisins. Hraunin eru almennt kölluð Hellisheiðarhraun og runnu þau fyrir 2.000, 5.800 og um 10.000 árum. Hellisheiðarhraun D sem rann 2.000 árum hefur þá runnið að Lambafelli og er þar kallað Sléttibruni. Í því eldgosi, gaus á 25 km langri sprungu, sem náði frá Eldborg við Meitil, um Hellisheiði, Innstadal og norðaustur í Sandey í Þingvallavatni. Hraunið er kargakennt og mosagróið og liggur að hluta til ofan á Lambafellshrauni. Síðast gaus á þessum slóðum árið 1.000 og þá rann Svínahraunsbruni, sem stundum er kallaður Kristnitökuhraun. Svínahraunsbruni á upptök sín á svokallaðari Bláfjallarein, rann frá Syðri- og Nyðri-Eldborgum sem eru á milli Lambafells og Bláfjalla. Eldborgir við Lambafell eru á náttúruminjaskrá (nr. 753) [5] en efnistaka hefur átt sér stað í Nyðri-Eldborg. Svínahraunsbruni er mosagróið apalhraun [12] og umlykur það Lambafell að vestan, norðan og austan og liggur alveg að námusvæði Jarðefnaiðnaðarins.

Línuhönnun
verkfræðistofa



Mynd 2. *Hluti jarðfræðikorts Kristjáns Sæmundssonar sem sýnir berggrunn megineldstöðvarinnar Hengilsins og nágrennis. Hellisheiðarhraunin eru blá, það yngsta (D-hraunið) ljósast. Hraun úr öðrum eldstöðvakerfum, Leitahraun (~ 5200 ára) og Svínahraunsbruni (frá árinu 1000) vestan megin á kortinu eru bleik. Móberg er sýnt í brúnum litum og grágrýti í grænum [4].*

Línuhönnun
verkfræðistofa

Mat á áhrifum – viðmið

Við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á jarðmyndanir eru eftirfarandi viðmið lögð til grundvallar:

1. **Lög um náttúruvernd nr. 44/9999 [9]**
   Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:
   - eldvörp, gervigígar og eldhraun (37. gr.).

2. **Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020 [10].**
   - Forgangsmál er að vernda jarðmyndanir og kerfi sem eru sjaldgæf eða óvenjuleg á heimsmælikvarða, svo sem dyngjur, eldborgir, gígaraðir, móbergsmyndanir, lindassvæði og virkt jöklalandslag; svo og landslag og sérstæði fyrirbæri sem eru óvenjuleg í okkar heimshluta og einkennandi fyrir landið, t.d. hraun, móbergsfjöll, fossa og hverasvæði (bls. 39).
   - Forgangasmál í verndun jarðmyndana á næstu árum lúta að vernd valinna jarðhitasvæða, eldgíga og nútímahrauna, gervigíga og fundarstaða sjaldgæfra steina (bls. 40).
   - Æskilegt er að nám jarðefna fari eftir því sem hægt er fram á tiltölulega fáum afmörkuðum námasvæðum; fáar og stórar námur hafa minni neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en margar litlar, auk þess sem minni hætta er á að sérstæði náttúrufyrirbæri verði fyrir skemmdum (bls. 40).

3. **Lög og önnur stefnuskjöl sem varða jarðmyndanir**
   - Lög um náttúruvernd nr. 44/1999, VI. kafli nám jarðefna
   - Náttúruminjaskrá
   - Náttúruverndaráætlun

Einkenni og vægi áhrifa

Eins og fram hefur komið er núverandi og fyrirhugð vinnsla efnis úr móbergs- og grágrýtismyndunum úr Lambafelli. Í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun er fjallað um að forgangsmál sé að vernda landslag og sérstæð fyrir bæri sem eru óvenjuleg í okkar heimshluta og einkennandi fyrir landið, t.d. móbergfjöll. Í sama stefnuskjali kemur fram að æskilegt sé að nám jarðefna fari fram á tiltölulega fáum og afmörkuðum námasvæðum þar sem fára og stórar námur hafi minni neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en margar litlar. Námuvinnsla hefur verið stunduð í Lambafellinu í hátt í 50 ár og er því ekki verið að tala um óraskað móbersfjall. Áframhaldandi vinnsla á þessum stað stuðlar að því að nám jarðefna fari fram á stærri og færri stöðum.

Mynd 3. *Vinnsluplan Jarðefnaiðnaðarins í Lambafellsnámu, liggur á Svínahraunsbruna [Línuhönnun 2008].*

Samkvæmt 37. grein laga nr. 44 um náttúruvernd njóta eldhraun eða nútímahraun sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Þegar hefur Svínahraunsbruna verið raskað við rætur námasvæðanna í Lambafelli. Aðkeyrsla að námum og vinnsluplan liggur á hrauninu. Ekki þarf að raska hrauninu frekar en þegar hefur verið gert við áframhaldandi námuvinnslu í námu Jarðefnaiðnaðarins.

Vatnafarslegar aðstæður

Megineinkenni vatnafars á svæðinu eru að fjallakeðjan Hengill, Stóra Reykjafell, Stóri Meitill og Litli Meitill skipta svæðinu frá suðvestri til norðausturs, enda eru bergmyndanir í þessum fjöllum þéttar vegna jarðhitamyndunar [2]. Á austurhluta svæðisins fellur grunnvatn bæði norður til þingvallavatns og til suðurs og suðausturs niður í Ölfus [12]. Vatnafar er flóknara á vestursvæðinu, en einkennist að "grunnvatnshásléttu" vestan við Hengil og nær hún norður á Mosfellsheiði, vestur að Sandskeiði og suður í Þrengsli. Þaðan falla grunnvatnsstraumar til vesturs á vatnasvið Elliðaár og til norðausturs til Þingvallavatns og á námusvæðinu falla grunnvatnsstraumar í suðvestur undir fjöllin austan við Bláfjöll og til sjávar austan Selvogs (sjá mynd 4) [2].

Línuhönnun
verkfræðistofa



Mynd 4. *Rennslisstefnur grunnvatns á svæðinu austan Reykjavíkur. Svarti hringurinn sýnir staðsetningu námusvæðisins [11]*

Grunnvatnsstraumur námusvæðisins ber heitið Selvogsstraumur en aðrir grunnvatnsstraumar austan Reykjavíkur eru Elliðaárstraumur, Þingvallavatnsstraumur og Ölfusstraumur (sjá mynd 5). Selvogsstraumurinn hefur þá sérstöðu að hann streymir allur fram neðanjarðar, þ.e. að á vatnasviði hans eru engar uppsprettur eða stöðuvötn auk þess sem engin vatnsból þéttbýliskjarna nýta vatn úr honum [2].

Línuhönnun
verkfræðistofa



Mynd 5. *Grunnvatnsstraumar á Hellisheiði og nágrenni. Svarti hringurinn sýnir staðsetningu námusvæðisins [2]*

Mat á áhrifum – viðmið

Við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á gæði yfirborðs- og grunnvatns eru eftirfarandi viðmið lögð til grundvallar:

- Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns [7]. Markmið reglugerðarinnar er m.a. að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis þess af mannavöldum. Reglugerðin gildir um yfirborðs- og grunnvatn.

- Reglugerð nr. 797/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun grunnvatns [8]. Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir mengun grunnvatns af mannavöldum og takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á grunnvatni.

Einkenni og vægi áhrifa

Mögulegir mengunarvaldar vatns vegna efnistökunnar eru fyrst og fremst olíur sem notaðar eru á vinnuvélar. Líkurnar á mengunarslysi við efnistökuna eru ekki taldar miklar.

Ekki er gert ráð fyrir að olía verði geymd á svæðinu utan það sem er í tönkum véla og varabirgðir í litlum olíutanki (kálfi). Færi svo að læki úr olíugeymum eða vökvakerfi vinnuvéla myndi því takmarkað magn losna út í umhverfið.

Línuhönnun
verkfræðistofa

Ekki er gert ráð fyrir að mengunarhætta geti orðið vegna efnistökunnar. Námusvæðið er ekki á vatnsverndarsvæði og engin vatnsból þéttbýliskjarna nýta vatn úr Selvogsstraumnum sem rennur í suður í átt til sjávar.

Nútíma hraun umkringja námusvæðið að mestu og er því lítið um yfirborðsrennsli vatns á svæðinu. Því er tiltölulega erfitt að mæla og fylgjast með lækjum og ám með tilliti til mengunar.

Línuhönnun
verkfræðistofa

HEIMILDIR:

1. Ari Trausti Guðmundsson 2001: Íslenskar eldstöðvar. Vaka-Helgafell, Reykjavík.
2. Gestur Gíslason 2003. Vatnafar á Hellisheiði og nágrenni. Orkuveita Reykjavíkur. Greinargerð 2003-10-GG
3. ISOR 2003: Virkjun á Hellisheiði, Rafstöð allt að 120 MW. Varmastöð allt að 400 MW. Mat á umhverfisáhrifum. Sérfæðiskýrsla: Hellisheiðarvirkjun jarðfræðilegar aðstæður á virkjunarsvæði. Greinargerð KS 03/02, unnin fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Reykjavík.
4. Kristján Sæmundsson 1995: Hengill, jarðfræðikort (berggrunnur) 1:50.000. Orkustofnun Hitaveita Reykjavíkur, Landmælingar Íslands.
5. Náttúruverndarráð 1996: Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. 7. útgáfa. Reykjavík.
6. Sigmundur Einarsson 1995: Hellisheiði og Kristnitökuhraun. Eyjar í eldhafi. Safn greina um náttúrufræði. Gott mál hf. Reykjavík.
7. Stjórnartíðindi 1999. Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
8. Stjórnartíðindi 1999. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns Verkfræðistofan
9. Umhverfisráðuneytið 1999: Lög um náttúruvernd.http://www.althingi.is/altext/stjt/1999.044.html.
10. Umhverfisráðuneytið 2002: Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020. Reykjavík.
11. Verkfræðistofan Vatnaskil, 2003. *Grunnvatns- og rennslislíkan vegna virkjunar á Hellisheiði.*Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur.
12. VGK Verkfræðistofa, 2003. Virkjun á Hellisheiði, Rafstöð allt að 120 MW, Varmastöð allt að 400 MW, Mat á Umhverfisáhrifum. Nóvember 2003.

3. UMSAGNIR UMSAGNARAÐILA

(Við tillögu að matsáætlun)

-Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, 18. febrúar 2008.

-Fornleifavernd ríkisins, 18. febrúar 2008.

-Umhverfisstofnun, 5. mars 2008 .

- Svör framkvæmdaraðila, 11. mars 2008.

-Sveitarfélagið Ölfus, 6. mars 2008.

-Iðnaðarráðuneytið, 12. mars 2008.

-Skipulagsstofnun – ákvörðun 19. mars 2008.

Skipulags stofnun
Mótt.: 21 FEB. 2008
Málnr.

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegur 166
150 Reykjavík

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
kristinn@fornleifavernd.is

Reykjavík 18. febrúar 2008
Tilvísun: Fvr 2008020010 /KM

Efni: Efnistaka í Lambafelli í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Fornleifavernd ríkisins hefur móttekið bréf Skipulagsstofnunar frá 12. febrúar s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar á vegum Jarðefnaiðnaðar ehf.

Í kafla 4.9 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fornleifar. Þar kemur fram að svæðið hefur verið skoðað og að þar eru engar fornminjar eða mannvistarleifar utan gamals göngustígs sem verður utan framkvæmdasvæðis. Þá segir að nánar verði gerð grein fyrir þessu í frummatsskýrslum. Í kafla 1.2 í tillögu að matsáætlun kemur jafnfram fram að athugun á fornleifum hafi verið í höndum Bjarna F. Einarssonar fornleifafræðings.

Fornleifavernd ríkisins gerir ekki athugasemd við tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 10. gr. þjóðminjalaga (Nr. 107/2001) stendur m.a.: *Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.* Og á 13. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.*

Virðingarfyllst,
f.h. Fornleifaverndar ríkisins

Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður

Kristinn Magnússon
Deildarstjóri

HEILBRIGÐISEFTIRLIT SUÐURLANDS
Austurvegur 56 - 800 Selfoss
Sími 480 8220 – Myndsendir 480 8201 – Netfang hs@sudurland.is – Kennitala 480284-0549

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Skipulags stofnun
Mótt.: 21 FEB. 2008
Málnr.

Selfossi, 18. febrúar 2008
BÞ0802940HS

Efni: Jarðefnaiðnaður ehf. Efnistaka í Lambafelli. Tillaga að matsáætlun

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur fengið til umsagnar erindi yðar vegna tillögu Jarðefnaiðnaðar ehf um matsáætlun vegna námureksturs í Lambafelli.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerir ekki athugasemdir við drög að matsáætlun, en bendir á að umrædd starfsemi er starfsleyfisskyld í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Birgir Þórðarson
heilbrigðisfulltrúi

HEILBRIGÐISEFTIRLIT SUÐURLANDS

Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umsögn um tillögu að matsáætlun um efnistöku úr Lambafelli.

Bæjaryfirvöld í Ölfusi hafa farið yfir matsáætlun sem unnin er af Bölta ehf varðandi fyrirhugaða efnistöku Jarðefnaiðnaðar úr Lambafelli í Ölfusi. Það er mat bæjaryfirvalda að tillagan geri nægilega grein fyrir framkvæmdinni og upplýsingar varðandi fyrirhugaða framkvæmd sé fullnægjandi. Í greinargerð með aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014 þar sem fjallað er um efnistökusvæði í kafla 5.2.9. er eftirfarandi markmið m.a. sett fram:

- Séð verði fyrir nægu framboði efnistökusvæða fyrir ýmiss konar byggingarstarfsemi.
- Almennt er gert ráð fyrir sem fæstum en tiltölulega stórum efnistökustöðum.
- Öll efnistaka er framkvæmdaleyfisskyld og er stefnt að því að allar námur hafi framkvæmdarleyfi.
- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- Stærstu námum er vísað í deiliskipulagsferli.

Samkvæmt þessu fellur efnistaka þessi að markmiðum Sveitarfélagsins Ölfuss.

Þorlákshöfn 6. mars 2008,

Virðingarfyllst,

Ólafur Áki Ragnarsson
bæjarstjóri

|Skipulagsstofnun |
|Sigurður Ásbjörnsson |
|Laugavegi 166 |
|150 Reykjavík |
|

Reykjavík, 5. mars 2008|
|
Tilvísun: UST20080200085/bs|

Efnistaka í Lambafelli, Sveitarfélaginu Ölfusi. Tillaga að matsáætlun.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 12. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun vegna efnistöku Jarðefnaiðnaðar ehf í Lambafelli. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við matsáætlunina.

Haugsetning efnis
Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hugsanlegri haugsetningu efnis. Sérstaklega hvað varðar form haugs og aðlögun hans að öðrum landformum.

Gróður / dýralíf
Ef sjaldgæfar tegundir eða tegundir á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands er að finna innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að fundarstaðir þessara tegunda verði afmarkaðir á korti.

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að að gróðurfar og dýralíf svæðisins hafi verið skoðað sumarið 2007. Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki er vísað til þessara rannsókna í heimildarlista. Stofnunin telur mikilvægt að í frummatsskýrslu verði m.a. gerð grein fyrir aðferðum við rannsóknir á gróðri og dýralífi.

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að metin verði áhrif framkvæmdarinnar á spendýr og fugla. Umhverfisstofnun telur ekki þörf á að meta áhrif framkvæmdarinnar á spendýr.

Valkostir
Í tillögu að matsáætlun eru skilgreindir tveir valkostir hvað varðar umfang efnistökunnar og þar með afmörkun námasvæðis. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði fjallað með sambærilegum hætti um báða valkosti og að val á valkosti verði vel rökstutt. Stofnunin telur mikilvægt að val á valkosti miðist við að sem þægilegast verði að fella efnistökusvæðið að óröskuðu landi.

Jarðfræði / svæði á náttúruminjaskrá
Í tillögu að matsáætlun kemur fram að lýst verði jarðfræði svæðisins og gerð grein fyrir henni í matsskýrslu. Einnig verði skoðað verndargildi svæðisins og sérstaða ef einhver er. Þá kemur fram í tillögunni að metin verði áhrif framkvæmdarinnar á svæði nr. 753 á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun vekur athygli á að nauðsynlegt er að gera grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á eldhraun sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Hraun sem runnu frá Eldborgum við Lambafell eru auk eldvarpanna sjálfra og hrauntraða á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun telur að afmarka eigi efnistökusvæði í Lambafelli þannig að hrauntungunni milli þjóðvegar og fjallshlíðarinnar verði ekki raskað frekar en orðið er til að vernda jarðmyndanir sem njóta verndar og til að áhrif á nærsvæði vegarins verði sem minnst.

Núllkostur
Í tillögu að matsáætlun segir m.a. að ekki sé um aðra kosti að ræða

varðandi efnisvinnslu nema að fara á önnur svæði. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í svokölluðum núllkosti felst að aðhafast ekkert. Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda kemur fram að núllkostur miðast „við grunnástand, þ.e. það ástand sem ríkir á umræddu svæði m.t.t. náttúrufars og samfélags, þ.m.t. þau mannvirki sem reist hafa verið og þá starfsemi sem fyrir er."

Landslag / sjónræn áhrif
Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað verði um sjónræn áhrif valkosta með myndrænum hætti, s.s. með ljósmyndum frá völdum stöðum/útsýnisstöðum. Tilgreina þarf hvar myndirnar eru teknar, hvert sjónarhornið er og hvað myndirnar eiga að sýna. Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu eigi með tölvugerðum myndum að sýna og gera samanburð á landslagi fyrir og eftir framkvæmdir.

Í frummatsskýrslu ætti að gera grein fyrir aðlögun námunnar að Lambafellshnúk, en Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á að hlíðum hnúksins verði ekki raskað.
Einnig er nauðsynlegt að gera grein fyrir hvernig vinnslu á mörkum náma Árvéla og Jarðefnaiðnaðar verði háttað til að tryggja að neikvæð sjónræn áhrif efnistökunnar verði sem minnst. Æskilegt er að samræmdar hugmyndir um endanlegt útlit fjallshíðarinnar liggi fyrir hjá báðum aðilum.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að endanlegt yfirborð fjallshlíðarinnar verði sýnt með kennisniðum á nokkrum stöðum í námunni. Leitast ætti við að frágangur námunnar fari sem mest fram samhliða efnistökunni.

Rykmengun
Samkvæmt tillögu að matsáætlun verður skoðað hugsanlegt rykfok við sérstakar aðstæður sem gæti haft áhrif á gróðurfar eða dýralíf. Umhverfisstofnun telur ástæðu til að skoða sérstaklega rykmengun vegna umferðar um aðkomuveg að námunni og hvort grípa megi til aðgerða til að draga úr henni. Í því sambandi má vekja athygli á að ryk er sá þáttur sem hefur hvað mest áhrif á heilsu fólks og getur því haft áhrif á þá starfsmenn sem eru við störf innan námasvæðisins.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson

Hjalti J. Guðmundsson

Efnistaka í Lambafelli í landi sveitarfélagsins Ölfuss
Tillaga að matsáætlun

Hveragerði 11.03.2008

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson

Hér eru svör við athugasemdum Umhverfistofnunar, dags. 05.03.08.

1 Í Frummatsskýrslu er gerð grein fyrir hugsanlegri haugsetningu efnis.

2. Ekki var að finna sjaldgæfar tegundir eða tegundir á válista innan áhrifasvæðis framkvæmdar samkv. minnisblaði náttúrufræðinga (Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson) eins og fram mun koma í frummatskýrslu.

3. Í minnisblaði náttúrufræðinga í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir aðferðum við rannsóknir á gróðri og dýralíf.

4. Í vali á valkosti í frummatsskýrslu verður tekið tillit til endanlegs útlits og hagkvæmni. Þar á meðal er reynt að meta hvor valkosturinn falli betur að óröskuðu landi við námuna með tilliti til útlits og hentar betur með tilliti til lokafrágangs.

5. Sá hluti hraunsins sem er milli Þrengslavegar og efnistökusvæðisins er þegar orðinn nokkuð raskaður. Má benda á að gamalt efnistökusvæði er í kverkinni milli Lambafells og Lambafellshnjúks og vegslóði þar að. Í aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014 er þetta svæði, eða megin hlutinn af því, sem eftir er óraskað, skilgreint sem athafnasvæði.
Leitast er þó við að halda þessu svæði eins óröskuðu og hægt er með því að halda aðstöðusvæði námunar í lágmarki (til austurs út á hraunið)og nýta fyrst og fremst það svæði sem nú er raskað, það er norðan innkeyrslunnar, sem lager- og tippsvæði.

6. Í matsáætlun er núllkosturinn sá að gera ekkert frekar en orðið er á efnistökusvæði JEI í Lambafelli. En þar sem markmið fyrirtækisins er nám og vinnsla jarðefna má ætla að fyrirtækið leiti þá fyrir sér á öðrum stöðum sé það vænlegt með tilliti til markaða og efnisgæða.

7. Lögð hefur verið vinna í að reyna að sjá fyrir útlit fjallsins að framkvæmd lokinni og sýna það í frummatsskýrslu. Þetta verður gert með tölvugerðri mynd eða myndum.

8. Hlíðum Lambafellshnjúks verður ekki raskað samkvæmt hvorugum valkosti en valkostur 2 hlífir þó heldur næsta nágrenni hnjúksins.

9. Lagt verður upp úr því að Árvélar og JEI vinni nokkuð samhliða út frá mörkum milli þeirra til að samfella fáist í útlit fjallsins meðan á framkvæmd stendur. Samræmdar eru hugmyndir um endanlegt útlit í báðum námunum.

10. Í frummatsskýrslu verður sýnt kennisnið í námuna að framkvæmd lokinni.

11. Í frummatsskýrslu verður reynt að meta hættu vegna rykmengunar af umferð og ef svo verði þá hvaða aðgerða sé hægt að grípa til.

Sig. Þ. Jakobsson

Sigurður Þ Jakobsson

Bölti ehf Lyngheiði 23 810 Hveragerði Sími: 4823223 og 8629329 Tölvupóstfang: sigjak@simnet.is

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvali 150 Reykjavík
sími: 545 8500 bréfasími: 562 1289
postur@idn.stjr.is
idnadarraduneyti.is

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugarvegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík 12. mars 2008
Tilv.: IDN08030023/23.120

Ráðuneytið vísar til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 12. febrúar 2008, þar sem óskað er umsagnar ráðuneytisins um tillögu að matsáætlun Jarðefnaiðnaðar um efnistöku í Lambafelli.

Í matsáætlun kemur fram að eigandi svæðisins sé Sveitarfélagið Ölfus. Þá kemur og fram að framkvæmdaleyfi fyrir efnistökunni þurfi að sækja um til sveitarstjórnar og heilbrigðiseftirlits.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, er heimilt án leyfis iðnaðarráðherra skv. lögunum að rannsaka og hagnýta á eignarlandi berg, grjót, möl, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos- og steinefni, svo og mold, mó og surtarbrand. Í athugasemdum frumvarps við umrædda grein segir hins vegar að ákvæði laganna um leit og nýtingu taki til allra jarðefna í þjóðlendum. Nýting jarðefna utan marka eignarlands er því háð leyfi iðnaðarráðherra. Umrætt framkvæmdasvæði virðist liggja utan þjóðlendumarka, sbr. úrskurð Óbyggðanefndar í máli nr. 6/2004, en þjóðlendumörk eru ekki sýnd á kortum með tillögu að matsáætlun.

Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við tillöguna að öðru leyti en biðst velvirðingar á töfum sem urðu á afgreiðslu umsagnarinnar.

Fyrir hönd ráðherra

Guðjón Axel Guðjónsson

Lárus M. K. Ólafsson

2008010093
8717; 9310

Jarðefnaiðnaður ehf.
Nesbraut 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 19. mars 2008

Efni: Efnistaka Jarðefnaiðnaðar ehf. úr námu Sveitarfélagsins Ölfuss í Lambafelli. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Jarðefnaiðnaðar ehf. að matsáætlun um efnistöku í námu Ölfuss í Lambafelli.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Bölta ehf. dags. 6. febrúar 2008 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Jarðefnaiðnaður ehf. Efnistaka í Lambafelli í landi Sveitarfélagsins Ölfus. Bölti ehf. 5. febrúar 2008.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Sveitarfélaginu Ölfusi, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, iðnaðarráðuneyti og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 6. mars 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 18. febrúar 2008, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 18. febrúar 2008, iðnaðarráðuneyti með bréfi dags. 12. mars 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 5. mars 2008. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 11. mars 2008.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR
Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir f ramlagða tillögu Jarðefnaiðnaðar ehf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu

framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfi framkvæmdaraðila dags. 11. mars 2008 og með eftirfarandi athugasemdum.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum
Efnistaka Jarðefnaiðnaðar ehf. úr námu Sveitarfélagsins Ölfus og efnistaka Árvéla sf. úr námunni Hjallatorfa liggja saman við Þrengslaveg í Lambafelli. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að fyrirtækin greini sameiginlega frá sjónrænum áhrifum efnistökunnar, áhrifum hennar á landslag og hvernig frágangi verði háttað í verklok.

Haugsetning og landmótun
Í kafla 4.4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um landslag og sjónræna þætti. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram hvort áformað er að setja í námuna aðflutt efni og þá hvernig verði staðið að haugsetningu þess sem og úrkasts sem fellur til við námuvinnsluna.

Geymsla og meðferð hættulegra efna
Í kafla 4.8 í tillögu að matsáætlun er fjallað um vatnafar. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram hvernig verði háttað meðferð og geymslu eldsneytis og hættulegra efna á starfstíma. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áætluðu magni hættulegra efna og hvaða ráðstafanir verði gerðar til að koma í veg fyrir og bregðast við mengunarslysum af völdum hættulegra efna sem geymd eru á framkvæmdasvæðinu.

Eignarhald og leyfisveitingar
Í frummatsskýrslu þarf að koma fram hvort náman eða hluti hennar sé á þjóðlendu og ef svo er þarf jafnframt að koma fram að efnistakan er háð leyfi iðnaðarráðuneytisins skv. 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998.

Rut Kristinsdóttir Sigurður Ásbjörnsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna
Afrit: Sveitarfélagið Ölfus, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, iðnaðarráðuneyti, Umhverfisstofnun og Bölti ehf.

FYLGISKJÖL 4 . Umsagnir við frummatsskýrslu

1. Sveitarfélagið Ölfus, 14. ágúst 2008.
2. Fornleifavernd ríkisins, 6. ágúst 2008.
3. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, 15. ágúst 2008.
4. Umhverfisstofnun, 15. ágúst 2008.
7. Skipulagsstofnun – bréf um umsagnir, 28. ágúst 2008.
8. Breytt stærð framkvæmdasvæðis. **Tillaga 1a.**
9. Tillaga að áfangaskiptingu efnisvinnslu.

SVEITARFÉLAGIÐ
ÖLFUS
RÁÐHÚSI ÖLFUSS • HAFNARBERGI 1 • 815 ÞORLÁKSHOFN • SÍMI 480 3800 • FAX 480 3801

077

Skipulagsstofnun
b.t. Rutar Kristinsdóttur
Laugavegi 166
150 Reykjavík

SÁ
Skipulags stofnun
Mótt.: 15 AUG. 2008
Málnr.
2008060087

Umsögn vegna efnistöku í Lambafelli í landi Sveitarfélagsins Ölfuss

Bæjarráð Ölfuss hefur farið yfir frummatsskýrslu um efnistöku úr Lambafelli sem fyrirtækið Jarðefnaiðnaður hefur tilkynnt til Skipulagsstofnunar.

Bæjarráð telur að gerð sé góð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar. Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við frummatsskýrsluna enda er náman er inn á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014 og er því í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um nýtingu á efni úr Lambafelli.

Þorlákshöfn 14. ágúst 2008,

Virðingarfyllst,

Ólafur Aki Ragnarsson
Bæjarstjóri

BÆJARSTJÓRINN ÖLFUSI

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegur 166
150 Reykjavík

Móttek. - 8 AUG. 2008
Málnr
2008060087

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
kristinn@fornleifavernd.is

Reykjavík 6. ágúst 2008
Tilvísun: Fvr 2008020010 /KM

Efni: Efnistaka Jarðefnaiðnaðar ehf. í Lambafelli í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Fornleifavernd ríkisins hefur móttekið bréf Skipulagsstofnunar frá 11. júlí s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Í kafla 4.9 í frummatsskýrslu er fjallað um fornleifar. Þar kemur fram að Fornleifafræðistofan tók að sér að kanna hvort fornleifar eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Í fylgiskjali 2.1 með frummatsskýrslu er greinargerð Bjarna F. Einarssonar fornleifafræðings. Þar kemur fram að engar fornleifar er að finna á fyrirhuguðu efnistökusvæði. Í norðurjaðri umráðasvæðis Jarðefnaiðnaðar ehf fannst gömul gata eða stígur sem liggur upp skarðið á milli Lambafells og Lambafellshnjúks. Í frummatsskýrslu kemur fram að framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á götuna þar sem hún er utan framkvæmdasvæðis.

Fornleifavernd ríkisins telur að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og um áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar. Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á fornleifar. Fornleifavernd ríkisins gerir ekki athugasemd við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að 13. gr. þjóðminjalaga (Nr. 107/2001) sem hljóðar svo: *Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.*

Virðingarfyllst,
f.h. Fornleifaverndar ríkisins

Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður

Kristinn Magnússon
Deildarstjóri

HEILBRIGÐISEFTIRLIT SUÐURLANDS
Austurvegur 56 - 800 Selfoss
Sími 482 2410 – Myndsendir 482 2921 – Netfang hs@eyjar.is – Kennitala 480284-0549

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Skipulagsstofnun
Mótt.: 16 JULI 2008
Málnr. 200806087

Selfossi, 14. júlí 2008
0802040HS BÞ

Efni: Frummatsskýrsla um efnistöku Jarðefnaiðnar ehf í Lambafelli.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur fengið til umsagnar frummatsskýrslu Bölta ehf, f.h. Jarðefnaiðnaðar ehf, um efnistöku í Lambafelli úr landi sveitarfélagsins Ölfuss.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur kynnt sér matsskýrsluna og gerir ekki athugasemdir, fyrir sitt leyti vegna mengunarvarna.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Birgir Þórðarson
heilbrigðisfulltrúi

HEILBRIGÐISEFTIRLIT SUÐURLANDS

Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík
Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020
www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

080

Skipulagsstofnun
Sigmar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Skipulags stofnun
Móit.: 19 AUG. 2008
Málnr.

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. ágúst 2008
Tilvísun: UST20080700137/sf

Efnistaka í Lambafelli í landi Sveitarfélagsins Ölfuss - frummatsskýrsla

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 11. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við frummatsskýrsluna.

Framkvæmdalýsing
Samkvæmt upplýsingum í frummatsskýrslu er stærð umráðasvæðis Jarðefnaiðnaðar 37,1 ha og verður aðkoma inn á svæðið sameiginleg með núverandi aðkomu Árvéla. Lagðir eru fram tveir valkostir í frummatsskýrslu. Samkvæmt tillögu 1 er gert ráð fyrir að vinnslusvæðið verði allt að 23,1 ha og að unnir verði allt að 18 milljónir m^3 á 30 árum eða til ársins 2038, þ.e. að jafnaði 600.000 m^3 á ári. Samkvæmt tillögu 2 er gert ráð fyrir vinnslusvæði allt að 19,5 ha og að unnir verði allt að 15 milljónir m^3 á 30 árum eða um 500.000 m^3 á ári.

Náttúrufar
Í greinargerð um gróður og fuglalíf í Lambafelli (sjá fylgiskjal með frummatsskýrslu) kemur fram að alls fundust 83 tegundir háplantna á og við Lambafell, sem og 11 tegundir mosa og 4 tegundir fléttna. Engin þeirra tegunda er sjaldgæf á landsvísu eða á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Tegundafjölbreytni er þó nokkur og gróska víða talsverð. Vakin er athygli á svæðum sem eru sérstaklega gróskumikil, þ.á m. gróðursælum brekkum norðan námunnar, á námasvæði Jarðefnaiðnaðar. Fuglalíf á athugasvæðinu er fáskrúðugt og innan fyrirhugós námasvæðis verpur enginn fugl á válista svo vitað sé. Í framangreindri greinargerð er lagt til að framkvæmdaraðilar hlífi grónustu svæðunum eins og kostur er. Þar er einnig bent á áhrif sandfoks frá námum í Lambafelli á mosa og annan gróður, sem kanna þyrfti betur. Lagðar eru fram tillögur um uppgræðslu og talið nauðsynlegt að haft verði samráð við sérfræðinga um uppgræðslu.

Í frummatsskýrslu kemur fram að mótvægisaðgerðir felast einkum í að hvetja þann gróður sem er umhverfis svæðið til að taka sér bólfestu á ný að framkvæmdum loknum.

Umhverfisstofnun telur að fara eigi að þeim tillögum sem fram koma um uppgræðslu í

fyrrgreindri greinargerð og hafa samráð við þar til bæra sérfræðinga um uppgræslu á námasvæðinu þegar að þeim þætti framkvæmdarinnar kemur.

Náttúruminjar

Í umfjöllun um jarðfræði í kafla 4.7 í frummatsskýrslu segir m.a.:
„Samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta eldhraun eða nútímahraun sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Þegar hefur Svínahraunsbruna verið raskað við rætur námasvæðanna í Lambafelli. Aðkeyrsla að námum og vinnsluplan liggur á hrauninu. Ekki þarf að raska hrauninu frekar en orðið er við áframhaldandi námuvinnslu í námu Jarðefnaiðnaðar."
Eldborgir við Lambafell og hrauntraðirnar frá þeim ásamt hrauninu umhverfis eru á náttúruminjaskrá (svæði nr. 753). Eldhraun og eldvörp njóta einnig sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, en hraun umlykja Lambafell. Í stefnumörkun umhverfisráðuneytis um sjálfbæra þróun (Velferð til framtíðar) kemur m.a. fram að forgangsmál sé að vernda jarðmyndanir og kerfi sem eru sjaldgæf eða óvenjuleg á heimsmælikvarða, svo sem dyngjur, eldborgir, gígaraðir, móbergsmyndanir, lindasvæði og virkt jöklalandslag; svo og landslag og sérstæð fyrirbæri sem eru óvenjuleg í okkar heimshluta og einkennandi fyrir landið, t.d. hraun, móbergsfjöll, fossa og hverasvæði. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt afmörkun námusvæðis á loftmyndum sem fylgja frummatsskýrslunni nær námusvæðið inn á óraskaðan hluta hrauntungu milli þjóðvegar og fjallshlíðar. Stofnunin telur að afmarka eigi efnistökusvæði í Lambafelli þannig að hrauntungunni milli þjóðvegar og fjallshlíðarinnar verði ekki raskað frekar en orðið er til að vernda jarðmyndanir sem njóta verndar og til að áhrif á nærsvæði vegarins verði sem minnst. Miða eigi við að aðstöðusköpun verði alfarið á þegar röskuðu svæði. Í því sambandi má benda á að við aukna efnistöku skapast meira rými fyrir athafnasvæði þar sem hlíðarfóturinn færist innar.

Landslag/ sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun telur ljóst að námuvinnslan muni hafa töluverð sjónræn áhrif í för með sér, enda skammt frá einum fjölfarnasta þjóðvegi landsins. Í frummatsskýrslu kemur fram að námusvæðið muni sjást á um 7-8 km vegarkafla frá Þrengslavegamótum vestan frá og upp fyrir afleggjara Orkuveitunnar upp á Hellisheiði. Einnig kemur þar fram að útsýni til framkvæmdarinnar taka helst til vegfarenda, útivistarfólks og gesta á svæðinu, en vegfarendur eru fjölmennasti hópurinn. Í frummatsskýrslu segir jafnframt: *„Verulega röskuð eða skert hlíð Lambafells mun í framtíðinni blasa við þeim meðan á framkvæmd stendur og verulega breytt útlit Lambafells að framkvæmd lokinni."*

Umhverfisstofnun telur að með því vinnulagi sem lýst er í frummatsskýrslu sé eins og unnt er dregið úr sjónrænum áhrifum á vinnslutíma. Stofnunin telur mikilvægt að því vinnulagi verði fylgt eftir.

Í frummatsskýrslu eru lagðar fram tvær tillögur um stærð vinnslusvæðis. Fram kemur að valkostur 2 sé mildari varðandi ásýnd frá Hringvegi vestan til en samkvæmt þeim kosti er skilinn eftir neðri hluti skriðunnar sem snýr í norðvestur og er fyrsta ásýnd fjallsins séð frá Hringvegi. Í frummatsskýrslu kemur þó jafnframt fram að aðeins sé um stutta vegalengd að ræða enda skyggi Lambafellshnjúkur á námusvæðið að hluta til þaðan séð. Umhverfisstofnun telur að velja eigi þannig kost sem veldur minnstum sjónrænum áhrifum og telur því að velja eigi valkost 2, enda kemur fram í frummatsskýrslu að hann hefur í för með sér minni ásýndarbreytingu frá ákveðnu sjónarhorni.

Vatnafar
Í frummatsskýrslu og minnisblaði Línuhönnunar um jarðfræði og grunnvatn (fylgiskjal með frummatsskýrslu) kemur fram að grunnvatnsstraumur námusvæðisins beri heitið Selvogsstraumur. Hann hafi þá sérstöðu að streyma allur fram neðanjarðar, þ.e. að á vatnasviði hans eru engar uppsprettur eða stöðuvötn auk þess sem engin vatnsból þéttbýliskjarna nýta vatn úr honum. Í frummatsskýrslu segir jafnframt : „Ekki er gert ráð fyrir að mengunarhætta geti orðið vegna efnistökunnar. Námusvæðið er ekki á vatnsverndarsvæði og engin vatnsból þéttbýliskjarna nýta vatn úr Selvogsstraumnum sem rennur í suður í átt til sjávar." Þá kemur fram í skýrslunni að gert er ráð fyrir að olíubirgðum geymdum á svæðinu verði haldið í lágmarki og er lögð áhersla á gott viðhald vinnuvéla og að lek tæki verði ekki á svæðinu. Verði olíuslys skuli gripið til viðeigandi ráðstafana.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki kemur fram í frummatsskýrslu hvort önnur vatnsból en þau sem þéttbýlissvæði nýta eru innan svæðisins. Þá er ekki getið um starfsemi vatnsátöppunarverksmiðju í landi Hlíðarenda sem virðist vera innan þess svæðis sem afmarkað er fyrir Selvogsstrauminn á mynd 4 í fyrrgreindu minnisblaði Línunhönnunar.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að gætt verði fyllstu varúðar í meðferð og notkun mengandi efna á framkvæmdasvæðinu í samræmi við starfsleyfi viðkomandi heilbrigðiseftirlits.

Loftmengun
Almennt séð hefur námurekstur af þessari stærðargráðu veruleg áhrif á loftgæði í nágrenninu. Útblástur vinnuvéla er óverulegur hluti en rykmengun frá starfseminni er sá þáttur sem valdið getur mestri loftmengun.

Þótt efnið í námunni innhaldi lítið silt þá brotnar efnið niður á námuveginum og iðulega má sjá allnokkra rykmengun frá veginum að námunni í þurru veðri. Búast má við að mjög stór hluti rykmengunar frá námunni sé frá veginum sjálfum. Bundið slitlag á námuveginn mundi draga verulega úr þeirri mengun. Hinsvegar er náman ekki nálægt byggð og loftmengun því minna vandamál en ef náman væri nær byggð.

Aldrei hafa verið gerðar mælingar á rykmengun á svæðinu en í sérfræðiskýrslu um gróður og fuglalíf er sagt frá því að sjá megi áhrif sandfoks á mosa og annan gróður og að það þyrfti að kanna betur. Þarna eru fleiri námur á litlu svæði. Mælingar á fallryki og svifryki í nágrenni þessara námusvæða myndu gefa gleggri mynd um hversu mikið ryk er þarna á ferðinni.

Útivist
Í frummatsskýrslu kemur fram að Lambafell er í grennd við vinsæl útivistarsvæði. Þar kemur einnig fram að slóðir liggi sunnan og vestan við Lambafellið en þær hliðar fjallsins sem þangað snúi verði ósnortnar af framkvæmdunum. Á korti yfir fornar gönguleiðir sem Sveitarfélagið Ölfuss hefur gefið út er merkt leið, Reykjavegur, sem liggur utan í Lambafelli eða í kverkinni milli Lambafells og Lambafellshnjúks. Samkvæmt tillögu 2 verða mörk námusvæðisins í meiri fjarlægð frá gönguleiðinni og telur Umhverfisstofnun því að sá valkostur sé betri en tillaga 1 með tilliti til áhrifa á útivist.

Vinnslutilhögun, haugsetning efnis og frágangur
Umhverfisstofnun telur að við lokafrágang námunnar eigi fláar að vera í sem mestu samræmi

við upprunalegan landhalla. Til þess verði fláar að vera nokkuð flatari en gert er ráð fyrir í frummatsskýrslu.

Í frummatsskýrslu segir m.a. um frágang: *„Frákastsefni verður til staðar annars vegar í botni námu og athafnasvæði og hins vegar á námubrún. Frákastsefni á á brúnum námunnar verður rutt fram af námubrúnum. Núverandi jarðvegur, utan á hlíðinni, yrði þannig að einhverju leyti dreift yfir hlíð námunnar að framkvæmd lokinni og myndaði þannig grunn fyrir endurheimt gróðurs í hlíðinni."*
Umhverfisstofnun telur þá hugmynd að dreifa jarðvegi yfir hlíð námuna ágæta en telur þó að ekki eigi að haugsetja mold eða annað efni á fjallinu til lengri tíma vegna fokhættu. Ef af verður ætti að flytja efnið upp á fjallið eins seint á vinnslutíma og kostur er.

Umhverfisstofnun telur rétt að efnistakan verði áfangaskipt, sbr. umfjöllun í frummatsskýrslu vegna efnistöku Árvéla í Hjallatorfu í Lambafelli, en þar er gert ráð fyrir að skipta efnistökunni í þrjá áfanga og er hver áfangi um sig áætluður fyrir u.þ.b. 10 ára vinnslutímabil. Stofnunin telur einnig nauðsynlegt í ljósi hins langa vinnslutíma að áætlun um efnistöku verði endurskoðuð reglulega í samráði við hlutaðeigandi aðila.

Niðurstaða
Umhverfisstofnun telur að áhrif efnistökunnar verði fyrst og fremst áhrif á jarðmyndanir auk sjónrænna áhrifa. Áhrif á jarðmyndanir eru veruleg og óafturkræf. Þau áhrif eru þó þegar að nokkru leyti komin fram vegna efnistöku liðinna ára.
Að mati Umhverfisstofnunar er ekki líklegt að umrædd efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin telur þó að ef tekið verður tillit til framangreindra athugasemda mætti draga enn frekar úr sjónrænum áhrifum umræddrar efnistöku. Stofnunin telur að velja eigi valkost/tillögu 2 í frummatsskýrslu. Í ljósi hins langa vinnslutíma telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að framkvæmdaraðili endurskoði reglulega áætlun um efnistöku í samráði við hlutaðeigandi aðila.

Virðingarfyllst

Sigurrós Friðriksdóttir
fagstjóri

Ólafur A. Jónsson
deildarstjóri

Skipulags 084 stofnun

2008060087
9310; 8717

Bölti ehf.
Sigurður Þ. Jakobsson
Lyngheiði 23
810 Hveragerði

Reykjavík, 28. ágúst 2008
/--

Efni: Umsagnir vegna efnistöku Jarðefnaiðnaðar í Lambafelli, Ölfusi

Skipulagsstofnun hafa borist meðfylgjandi umsagnir frá Sveitarfélaginu Ölfusi, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Umhverfisstofnun vegna efnistöku Jarðefnaiðnaðar í Lambafelli.

Skipulagsstofnun bendir á að í matsskýrslu þarf framkvæmdaraðili, umfram það sem kemur fram í frummatsskýrslu, að gera efnislega grein fyrir og taka afstöðu til umsagna sem Skipulagsstofnun hafa borist um frummatsskýrslu. Setja þarf fram á skýran og aðgengilegan hátt innihald umsagna ásamt rökstuddri afstöðu framkvæmdaraðila til þeirra.

Skipulagsstofnun vill leggja til að gerð verði grein fyrir efnisþáttum umsagna og afstöðu framkvæmdaraðila til þeirra í viðkomandi köflum sem efnisatriði umsagna taka til. Áður en Skipulagsstofnun tekur matsskýrslu til formlegrar efnislegrar meðferðar þarf stofnuninni að berast eitt eintak af matsskýrslu þar sem breytingar frá frummatsskýrslu sem og viðbætur við skýrsluna eru skýrt auðkenndar (t.d. með gulum lit).

Sigmar Arnar Steingrímsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Sími: 595 4100
Fax: 595 4165

Kennitala: 590269 - 5149
Tölvupóstur: skipulag@skipulag.is
Heimasíða: www.skipulag.is


ÖLFUS, AFRÉTTUR
L04
L03
496.52
LAMBAFELL LAND
F=37,1 ha
ÞRENGSLAVEGUR
ÖLFUS,
471.81
BREYTING Á
MÖRKUM VINNSLUSV.
300
389.91
400
L02
NÁMUSVÆÐI JARÐEFNAIÐNAÐAR ehf
F=22,1ha
ÁÆTLUÐ EFNISTAKA 18.000.000m3
Á 30 ÁRUM
ÁÐSTÖÐU OG
LAGERSVÆÐI
2,2 ha
500
ADKOMA
L05
317.49
934.52
HJALLI,
L01
Lambafell
NÁMA ÍAV
0 50 100m
Bölti ehf LYNGHEIÐI 23, 810 HVERAGERÐI, S 8629329, sigjak@simnet.is
JARÐEFNAIÐNAÐUR EHF, LAMBAFELLSNÁMA
KVARÐI:
TILLAGA AÐ VINNSLUSVÆÐI
TILLAGA 1–Breyting 07.09.08
REIKN: SÞJ
TEIKN: SÞJ
DAGS: 05.07.08
SAMÞ.
Kt. 100745–6589
Nr: 07023–V1